



Landbúnaðarráð - 110. fundur
haldinn í Múla á 3. hæð í Ráðhúsi Dalvíkur, 19. apríl 2017
og hófst hann kl. 10:00

Fundinn sátu:

Jón Þórarinnsson Formaður, Freyr Antonsson Varaformaður, Guðrún Erna Rudolfsdóttir Aðalmaður, Gunnsteinn Þorgilsson Aðalmaður og Guðrún Anna Óskarsdóttir aðalmaður.

Embættismenn

Börkur Þór Ottósson Sviðstjóri.

Fundargerð ritaði: Börkur Þór Ottósson, sviðsstjóri Umhverfis- og tæknisviðs

Dagskrá:

1. 201704062 - Samvinna sveitarfélagsins og MAST

Sigurbjörg Ólöf Bergsdóttir dýraeftirlitsmaður frá MAST kom sem gestur á fundinn kl. 10:00 til að fara yfir samvinnu sveitarfélagsins og stofnunarinnar.

Ráðið þakkar Sigurbjörgu Ólöfu fyrir greinargóða yfirferð á eftirliti og samvinnu sveitarfélagsins og MAST.

Sigurbjörg Ólöf vék af fundi kl. 11:01

2. 201703137 - Umsókn um búfjárleyfi

Með innsendu erindi dags. 30. mars 2017 óskar Páll Ingi Pálsson eftir búfjárleyfi fyrir tólf hesta, tvo hunda og nokkrar landnámshænur samkvæmt meðfylgjandi gögnum.

Landbúnaðarráð leggur til að veitt verði leyfi fyrir tveimur hundum með því skilyrði að þeir séu báðir skráðir og örmerktir og allt að fimm landnámshænum. Ráðið bendir á að hanar eru ekki leyfðir í þéttbýli. Hvað varðar búfjárleyfi fyrir tólf hross frestar ráðið þeirri afgreiðslu þar sem fullnægjandi gögn vantar með umsókninni. Ráðið felur sviðsstjóra að ræða við umsækjanda.

Guðrún Anna vék af fundi kl. 11:30

3. 201703100 - Umsókn um beitiland

Með innsendum rafpósti dag. 20. mars 2017 óskar Regína Bjarnveig Agnarsdóttir fyrir hönd Páls Inga Pálssonar eftir beitarhólfi í nágrenni Hauganes.

Ráðið frestar afgreiðslu þar sem fullnægjandi gögn vantar með umsókninni. Ráðið felur sviðsstjóra að ræða við umsækjanda og afla frekari gagna fyrir næsta fund ráðsins.

4. 201704061 - Fjallskil og göngur haustið 2017.

Til umræðu ákvörðun um fjallskil og göngur haustið 2017.

Samkvæmt fyrri samþykktum og skoðanakönnunum leggur landbúnaðarráð til að fyrstu göngur í Svarfaðardalsdeild, Dalvíkurdeild og Árskógsdeild verði helgina 8. til 10. september og seinni göngur í öllum deildum viku síðar eða um helgina 15. til 17 september. Framvegis verður reiknað með að önnur og þriðja helgi í september verði fastar gangnahelgar.

Hrossasmölun og eftirleit í Skíðadalsfréttum verði 6. október og 7. október.

Samþykkt með fjórum atkvæðum.

5. 201604102 - Mánaðarlegar stöðuskýrslur fyrir fagrað og byggðaráð

Lagðar fram til kynningar mánaðarlegar stöðuskýrslur.

Ráðið gerir ekki athugasemdir við framlögð gögn.

Samþykkt með fjórum atkvæðum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:00
